

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (sjálfskaparviti).

Flm.: Sigmar Guðmundsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Grímur Grímsson, Guðbrandur Einarsson, Ingvar Þóroddsson, Jón Gnarr, María Rut Kristinsdóttir, Pawel Bartoszek.

#### 1. gr.

Orðin „og ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna“ í 2. mgr. 15. gr. laganna falla brott.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

##### 1. Inngangur.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða á hver sjóðfélagi sem aðild á að lífeyrissjóði rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskurðingu af völdum orkutapsins. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal framreikna örorkulífeyri samkvæmt reglum sem nánar skal kveðið á um í samþykktum, enda hafi sjóðfélagi greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum, þar af a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánaða tímabili.

Í lok 2. mgr. 15. gr. laganna segir auk þess að ekki megi rekja orkutap viðkomandi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Hefur sá áskilnaður stundum verið nefndur ákvæði um sjálfskaparviti.

Ákvæði um sjálfskaparviti eiga sér langa sögu í íslenskum lögum. Slíkt ákvæði var í 3. tölul. 71. gr. laga um alþýðutryggingar, nr. 26/1936. Þar sagði að Atvinnuleysisjóður mætti ekki veita atvinnuleysisstyrki til þeirra sem hefðu misst atvinnu af ástæðum sem þeir sjálfir ættu sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu. Slíkt ákvæði var sömuleiðis að finna meðal skilyrða um greiðslu sjúkrabóta í lögum um almannatryggingar, nr. 50/1946. Ákvæði um sjálfskaparviti hvarf úr lögum þegar lög um almannatryggingar, nr. 67/1971, tóku gildi. Í engum þessara laga var gerð grein fyrir ástæðum ákvæðisins eða það rökstutt á nokkurn hátt.

Í reglugerðum og samþykktum ýmissa lífeyrissjóða var meðal annars tekið mið af lögum um almannatryggingar og þaðan voru ættuð ákvæði um brottfall réttinda á grundvelli sjálfskaparvítis. Til þessara reglugerða var vísað í frumvarpi til laga um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda þegar gerð var grein fyrir ákvæði sem varð að 2. mgr. 11. gr. laga nr. 95/1980. Inntak þess ákvæðis var að ekki skyldi reikna möguleg réttindi vegna ókomins tíma ef örorka væri rakin til ofneyslu áfengis, deyfilyfja eða fíknilyfja. Þótt það sé ekki sagt berum orðum í

frumvarpi til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem síðar varð að lögum nr. 129/1997, má ætla að fyrirmynd að ákvæði laganna um sjálfskaparviti hafi verið sótt í lög nr. 95/1980. Engar skýringar á ákvæðinu fylgja og enginn rökstuðningur.

## 2. Meginefni frumvarpsins.

Markmið frumvarps þessa er að fella úr lögum skilyrði framreiknings lífeyrisgreiðslna þess efnis að ekki megi rekja orkutap til ofnotkunar áfengis, lyfja og vímuefna.

Hvergi er skýrt í tiltækum lögskýringargögnum hver hafi verið tilurð eða ástæða sérstaks ákvæðis um brottfall framreiknings örorkulífeyris þegar orkutap má rekja til sjálfskaparvítis. Einu tæku skýringuna má rekja til þess sjónarmiðs að fíkn í hvers konar vímuefnum megi rekja til skapgerðar hvers og eins. Það sé fólki í sjálfsvald sett hvort það ánetjist vímuefnum eða ekki.

Á þessum tíma var talið eðlilegt að skerða lífeyrisgreiðslur til fólks vegna þess að það hefði sjálft komið sér í ógöngur með drykkjuskap og óreglu. Að baki þjó súa trú að fólki væri í löfa lagið að ná stjórn á lífi sínu ef það vildi. Síðan þá hefur þekking á fíknisjúkdómum og eðli þeirra tekið stakkaskiptum. Því til sönnunar má benda á að samkvæmt öllum helstu stöðlum sjúkdómsgreiningar er fíkn flokkuð sem sjúkdómur. Um þetta má vísa til upplýsinga frá landlæknisembættinu sem birtar eru á vef Stjórnarráðs Íslands.<sup>1</sup> Nú er almennt álit að fíkn beri ekki að meðhöndla sem sjálfskapað ástand heldur sjúkdóm sem eigi sér flóknar félagslegar, líkamlegar og hugrænar rætur.

Samhliða aukinni vísindalegri þekkingu á fíkn og fíknisjúkdómum hefur orðið gagnger viðhorfsbreyting í samfélaginu gagnvart þeim sem eiga við slík vandamál að stríða. Löngu er kominn tími til að löggjöf endurspegli bestu vísindalegu þekkingu og viðhorf samfélagsins.

## 3. Mannréttindi.

Í þessu samhengi ber að líta til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Verulegt álitaeftni verður að telja hvort ákvæði um sjálfskaparviti samrýmist reglunni, þ.e. að þeim sem kljást við fíknisjúkdóma sé mismunað á grundvelli sjúkdóms.

Eins og heiti laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ber með sér er greiðsla iðgjalds í lífeyrissjóð skylda alls vinnandi fólks. Ekki eru gerðar neinar undantekningar á þessari skyldu. Hún fellur ekki niður þótt greiðandi iðgjalds stríði við fíknisjúkdóm. Ótal sjúkdómar herja á fólk og enginn þeirra talinn slíks eðlis að réttlætlegt sé að skerða framreikning örorkubóta. Þá verður að horfa til þess að samkvæmt greiningarviðmiðum sem embætti landlæknis styðst við getur fíkn í aðra vímuefna en áfengi, lyf og vímuefna talist til fíknisjúkdóma eða andlags þeirra.

Höfðuð hafa verið mál fyrir dómstólum þar sem átti að láta reyna á lögmati ákvæðis um sjálfskaparviti. Í þeim málum hefur verið gerð dómsátt og því ekki komið til mats dómstóla á ákvæðinu. Þó má sjá vissar vísbendingar í hæstaréttardómi nr. 177/2017 þar sem fjallað var um heimild lífeyrissjóðs til skerðingar. Í dóminum segir: „Samkvæmt framansögðu verður að játa lífeyrissjóðum, þeirra á meðal stefnda, verulegu svigrúmi til að setja reglur um frekari skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris en mælt er fyrir um í lögum nr. 129/1997, að því tilskildu að slík skilyrði séu málefnaleg og jafnræðis sé gætt gagnvart sjóðfélögum, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 17. desember 2009 í máli nr. 665/2008. Fallist er á með héraðsdómi

<sup>1</sup> Embætti landlæknis. „Flokkunarkerfi í heilbrigðisþjónustu“, <https://island.is/flokkunarkerfi-i-heilbrigdisthjonustu/icd-10>. Skoðað 21. febrúar 2025.

að sú regla, sem er að finna í grein 16.4. í samþykktum stefnda þar sem kveðið er á um að örorkulífeyri skuli ekki greiða lengur aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn barst honum, styðjist við málefnaleg rök og þar sé jafnframt gætt meðalhófs gagnvart sjóðfélögum, án þess að séð verði að þeim sé mismunad á nokkurn hátt. Samkvæmt þessu er staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að reglan hafi fullnægjandi lagastoð.“

Heilbrigð skynsemi segir að mismunun sú sem birtist í ákvæðinu um sjálfskaparvíti telst vart vera mismunun á málefnalegum grunni. Fólk, sem hefur þurft að glíma við fíknisjúkdóma sökum fíknar í áfengi, lyf eða fíkniefni, stendur verr að vígi en aðrir í sambærilegri stöðu.

Að endingu verður að geta þess að ákvæði um sjálfskaparvíti getur leitt til þess að fólk veigri sér við því að leita aðstoðar vegna mjög alvarlegs sjúkdómsástands af ótta við að skjal-festa vanda sinn og verða þar með af framreikningi. Mjög miklu varðar fyrir samfélagið allt að lög og reglur greiði fyrir því að fólk leiti sér aðstoðar vegna sjúkdómsástands, eða aftri fólk ekki frá því hið minnsta.